

## **Dreifnámsmerking í Innu (D)**

Kennari getur notað dreifnámsmerkingu þegar:

1. Nemandi er eldri en 20 ára og hefur gert námssamning við kennara um skerta mætingu af gildum ástæðum.
2. Nemandi hefur unnið sér í haginn og lokið efni því sem tekið er fyrir í kennslustundinni, D er þá notað sem umbun.
3. Kennari er í leyfi en nemandinn nálgast kennsluefni á námsvef og vinnur það annars staðar en innan kennslustundarinnar. **Leyfi fæst eingöngu hjá stjórnendum.**
4. Um er að ræða skrap/stoð vegna prófa eða verkefna sem hluti hóps á eftir að vinna en hinir geta fengið D – merkingu.
5. Í tímum þegar munnleg próf fara fram. Þá fá próftakar M en aðrir D.
6. Við sjálfstæða vinnu nemenda við samþykktan dreifnámsáfanga (yndislestur). Kennarinn skipuleggur hvaða tímar eru dreifnám í þessum tilvikum.

## **Dreifnám á ekki við þegar:**

DREIFNÁM ER EKKI LEYFI Í TÍMA

Nemendur eiga ekki að biðja kennara um dreifnámsmerkingar í tímum vegna þess að þeir eru of uppteknir til að mæta, þeir eru að missa af fari, finnst ekki að taka því að koma í skólann fyrir einn tíma eða annað slíkt.

Nemendur vinna hópverkefni. Þá er mæting í tíma þó nemendur geti unnið á fleiri stöðum en í kennslustofu, t.d. á bókasafni. Kennari er til staðar í stofunni.

Ekki við árekstur í töflu, þá er notuð merkingin **A**.